

Samkvæmt þessu er nú teð lagaboð löggilt handa Íslandi 12. marz þ. á. með nokkrum breytingum í danska textanum, sem dómsmálastjórnin hefir stungið uppá; og hær skulu greindar.

1870.

12. marz.

1. Orðinu „*Kommunalbestyrelse*“ í 3. grein laganna 3. apríl 1868 er breytt í „*kommunal Autoritet*“, af því að „*Kommunalbestyrelse*“ í eiginlegri merkingu þessa orðs er ekki til neinstaðar á Íslandi, nema í kaupstöðunum: Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.

2. Í sömu grein laganna er orðunum „*her i Landet*“ breytt til „*i Island*“, og

3. ennfreður er orðunum „*eller forsaavidt det er ved militair Ret fra Generalaudtören*“ sleppt, þaræð þessi orðatiltæki eiga ekki við um það er Ísland snertir.

27. Opíð bréf handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið¹⁾ (á Íslenzku og Dönsku).

12. marz.

Vær Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, þjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Sá, sem sent hefir bænarskrá til embættismanna eður til bæjar- eða sveitastjóra, eður kæruskjal um pá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal, ef bæn hans eigi fær áheyrslu, eða kærán eigi er til greina tekin, eiga heimting á, er hann fer þess á leit, að fá eptirrit einusinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eptirrita þau.

Þetta á samt ekki við um bænarskrár um embætti eða sýslanir, eða um undanþágur undan ákæru, uppgjöf eða linun á refs-

¹⁾ Tíðindi frá alþingi 1869 II., 66, 134—135, 139 og 227.

1870.
12. marz. ingu eptir dómi eða úrskurði, nè heldur um kæruskjöl embættis-
manna eða sýslunarmanna um yfirboðara sína.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

14. marz. **28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til dýralækns Suorra
Jónssonar, um ferðakostnað handa honum til
heimfarar.**

Eptir að þèr hafið aflokið námi yðar við dýralækna- og land-
búnaðar-skólann, og fengið þartil styrk af opinberum sjóði, hafið
þèr borið upp fyrirspurn um það, hvernig stjórnarráðið ætlist til
að nota yður til dýralækninga á Íslandi, og sent hingað bænars-
skrá þess efnis, að þèr verðið sendur til Íslands til að rannsaka
fjársýki, sem bryddi á í fyrra, eða að öðrum kosti, ef ekki þykir
naðsýn til þess, að yður verði veittur 150 rd. styrkur í ferða-
kostnað til heimferðar til Íslands, til þess að fara á fund stipt-
amtmanns og bjóðast til að þjóna sem dýralæknir, og biðið þèr
um meðmælingu hjá stjórnarráðinu til stiptamtmanns í því skyni.

Útaf þessu skal þess getið, að þann styrk, sem yður hefir
verið veittur hèr til þess að nema dýralæknisfræði, verður að
skoða sem viðbót við það fè, sem yður hefir verið veitt í þessu
skyni af hlutaðeiganda jafnaðarsjóði; en hver sá, sem fær slíkan
styrk, er að afloknu prófi, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 23. jan-
úar 1858¹, skyldugur til að setjast að sem dýralæknir í því um-
dæmi, er hann hefir þegið styrkinn af. Því er yður hèrmeð til
vitundar gefið, að eigi þykir vera næg ástæða til að senda dýra-
lækni til Íslands, til að rannsaka fjársýki þá, sem fyr var nefnd,
og það því síður, sem stjórnarráðinu er ekki kunnugt, hvort
hún gangi þar enn yfir. Samt sem áður hefir stjórnarráðið, eptir
sem ástatt er, veitt yður 100 rd. í ferðakostnað til Íslands, til
þess að þèr bjóðið yður fram við stiptamtmann til að rannsaka
fjársýkina og hafa við lækningar, ef við þarf. Skal því við bætt,

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 206.